



**Verkalýðsfélag Grindavíkur gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir heldur hvað ekki er í frumvarpinu.**

**Teíjum við eftir farandi atriði vanta inní frumvarpið.**

**1. Að útvíkkuð verði lög um afslátt af stimpilgjöldum og munu þau líka eiga við um Grindvíkinga rétt eins og um fyrstu kaupendur.**

**Til þess að koma til móts við þann kostnað sem af þessu hlýst.**

**2. Að Grindvíkingar geti tekið út séreignarsparnað sinn út skattfjárlst til þess að geta greitt eigið fé í nýja íbúð.**

**Ljóst er að stór hluti Grindvíkinga er að flytja á mun áyrari fasteignamarkað en húsnæðið þeirra var á, munu margir þurfa meira eigið fé en þau áttu í eldra húsi til þess að komast inn á fasteignamarkaðinn. Þetta mun hjálpa til við það.**

**3. Hlutdeildarlán**

**Lög um hlutdeildarlán verði vikkuð út fyrir Grindvíkinga. Ljóst er að stór hluti Grindvíkinga er að flytja á mun áyrari fasteignamarkað en húsnæðið þeirra var á, munu margir þurfa meira eigið fé en þau áttu í eldra húsi til þess að komast inn á fasteignamarkaðinn. Þetta mun hjálpa til við það.**

Bygging á húsnæði, sérstaklega gætt að litlum fjölskyldum. (viðlagasjóðshús)

Tryggingar vegna starfsfólks í Grindavík.

Sálfræðingur til Verkalýðsfélags Grindavíkur t.d (tilraunaverkefni til 3 mán)

Ferðastyrkir til og frá vinnu í Grindavík